

Höfuðborgin heldur fast í lækna

Samanburður launa lækna eftir dreifbýli og þéttbýli er dreifbýlinu ekki hagstæður, segja forstjórar heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sem þurfa nú að meta þörf á mönnun samkvæmt nýrri reglugerð heilbrigðisráðuneytisins

■■■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN.

„Það horfir ekkert sérstaklega vel í dreifbýlinu. Kannski er það eitthvað í samfélagsmyndinni. Fólk vill ekki þessa vaktabindingu og það vill búa á stærri stöðum. Samanburður launa dreifbýlis og þéttbýlis er ekki hagstæður fyrir landsbyggðina,“ segir Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. 15% stöðugilda lækna séu leystar í verktöku.

Læknablaðið heyrði í forstjórurum sjúkrastofnana um landið og spurði um mönnun. Samhljómur var í svörum þeirra. Hvatinn til að starfa úti á landi væri ekki mikill.



Gylfi Ólafsson, forstjóri HVEST.

Gylfi Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, segir nýja reglugerð heilbrigðisráðuneytisins kveða á um að stofnanir heilbrigðisumdæmageri árlega starfsáætlun, áætlun um mönnun og mönnunarþörf sem tekur mið af þarfagreiningu. Nú sé unnið að þessu formlega í fyrsta sinn.

Kostnaðarsamt að jafna tækifærin

„Eftir því sem launin hækka í Reykjavík þurfum við að greiða læknum meira til að koma hingað. Ekki endilega til að yfirborga heldur til að jafna,“ segir Gylfi.

„Góðir tekjumöguleikar eru í Reykjavík fyrir lækna. Það er kostnaðarsamt að ná kjörum hjá okkur upp í hliðstæð laun. Nefna má að ferðadagar, sem eru kannski hálfir dagar hér og þar, geta verið afar kostnaðarsamir því fórnarkostnaður lækna er svo hár,“ bendir hann á.

Stofnaður hafi verið vinnuhópur til að skoða með hvaða hætti megi bæta kjörin á landsbyggðinni, eins og samið var um við gerð kjarasamningsins. Hann hafi þegar hafið störf.

„Hópurinn á að skila tillögum að úrbótum þann 1. okt 2021 og jákvætt að læknar sjálfir hafi aðkomu að málinu með þessum hætti. Ég er vongóður um að þetta gangi vel upp. Þá hefur María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga, sagt að við endurskoðun á samningi við sérgreinalækna verði ákvæði um þjónustu við landsbyggðina. Það er ekki búið að formgera það en við erum vongóð um að það verði hagfellt fyrir alla,“ segir Gylfi og leggur áherslu á að mikilvægt sé að

landsbyggðin reiði sig ekki einvörðungu á héraðsvitund sérgreinalækna sjálfra, heldur verði hvatinn innbyggður í kerfið.

Róðurinn þyngist á landsbyggðinni

„Þetta er gömul saga og ný og stafar af ýmsum ástæðum,“ segir Gylfi. „Eftir því sem tækni og þekkingu fleygir fram verða læknarnir sérhæfðari og þurfa því stærra upptökusvæði til að þeir geti sinnt sérgrein sinni. Þeim fækkar til að mynda sem titla sig almenna skurðlækna,“ bendir hann á. Því þyngist róðurinn enn á landsbyggðinni þegar kalla eigi lækna til starfa og afleysinga.

Díana Óskarsdóttir, forstjóri Heil-



Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU.

brigðisstofnunar Suðurlands, segir læknaþáttur vandamál og fólk sé því dekstrað með samningum til að koma út á land.

„Við erum þokkalega vel mönnuð eins og er. Við höfum þó áhyggjur því við erum með lækna sem komnir eru á aldur og vitum ekki hvað tekur við þegar þeir hætta. Við höfum verið heppin því ungrir

Greiða Hvidovre 147 danskar krónur fyrir greiningu leghálssýna

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins greiðir 145 danskar krónur fyrir greiningu á hverju leghálssýni til dönsku meinafræðideildarinnar og 2 danskar krónur aukalega fyrir geymslu í lífsýnabanka. Hvert þeirra kostar því rúmar 2987 íslenskar krónur hjá Amager og Hvidovre sjúkrahúsinu, miðað við miðgengi Seðlabankans 17. maí.

Samkvæmt frétt RUV 15. apríl segir heilbrigðisráðuneytið að Landspítali hafi metið kostnaðinn 3656 kr. á sýni en 9587 kr. á sýni þegar veirugreining leiddi eitthvað athugasemdir í ljós, ólíkt því danska.

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir það nú í höndum ráðuneytisins að ákveða hvort staðið verði við danska samninginn eða samið við Landspítala. „Við erum til í báða.“ Hann segir þjónustuna örugga í höndum dönsku meinafræðideildarinnar. „En hún gengur hægar en við hefðum viljað sjá. Við erum því að setja mikinn kraft í að laga það sem þarf svo að við náum þeirri stöðu sem við teljum ákjósanlegasta.“

Í samningnum við Hvidovre er búið við að sýnin verði um 20-25.000 ári. Má

því ætla að upphæðin verði á bilinu rúmar 179 milljónir íslenskra króna til 224 milljónir á samningstímanum sem nær til ársloka 2023.

Heilsugæslan gaf verðið upp eftir að Læknablaðið kærði ákvörðun um að leyna því til Kærunefndar um upplýsingamál. Heilsugæslan féllst í kjölfarið á rök Læknablaðsins um að upplýsingarnar verði almannahagsmuni.

Samningurinn var undirritaður 18. febrúar 2021 en Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók við þjónustunni af Leitarstöð Krabbameinsfélagsins um áramót.

læknar sækjast í að koma til okkar.“ Vaktir á bráðamóttökunni kalli þó á frítöku sem komi niður á heilsugæslunni.

„Íbúum fjölgar gríðarlega á Selfossi. Margt ungt barnafólk flytur hingað og fólk sem hætt er að vinna. Þetta er hópurinn sem sækir í heilsugæsluþjónustu og því mikilvægt að hún sé góð.“

Þau fari þó vongóð inn í framtíðina. Bráðamóttakan hafi vaxið með 15.000 heimsóknum árlega fyrir COVID-19 og ungir læknar sjái tækifæri á Selfossi.

„Síðan erum við með dreifðar byggðir; Vík, Klaustur og Höfn. Á Höfn eru tvö stöðugildi og er annað þeirra mannað með verktöku. Það er ekki endilega gott því þá er ekki samfella í þjónustunni,“ segir hún. Einnig sé staðan þung í Eyjum.

Nýta fjarheilbrigðisþjónustu

„En við nýtum fjarheilbrigðisþjónustuna. Við erum að ráða til okkar lækna sem eru tilbúnir að fara á stöðvarnar og fylgja eftir með fjarheilbrigðisþjónustu. Svona hugs-um við til framtíðar,“ segir Díana.

„Við viljum byggja upp forvarnarstarfið og nýta þverfaglega þekkingu en það er enginn hvati til að fara út á land. Tækifærin eru í Reykjavík. Í Noregi er alltaf verið að finna lausnir. Þar fær heilbrigðisstarfsfólk skattaafslátt. Spurning hvort hægt væri að setja upp hvetjandi kerfi fyrir fólk að fara út á land,“ segir hún.



Óskar Reykdalsson biður ákvörðunar úr heilbrigðisráðuneytinu um hvar eigi að greina leghálssýni sem tekin eru hér á landi. Mynd/gag

Samkvæmt Ríkiskaupum er heilbrigðisþjónusta útboðsskyld þótt viðmiðunarfrjárhæðir séu talsvert hærri en vegna annarrar þjónustu. Hún sé 97.770.000 krónur. Óskar segir að samið hafi verið í samráði við Sjúkratryggingar Íslands og metið að útboð væri óþarft í þessu tilviki.



Frá afhendingu viðurkenningarinnar. Í öftustu röð eru Ingi Pétursson og Daniel Pálsson, fyrir framan þá eru Hjördis Ásta Guðmundsdóttir og Sólveig Bjarnadóttir, og fremstu menn eru Teitur Ari Theodorsson og Martin Ingi Sigurðsson. Mynd / Jökull Sigurðarsson

Berglind, Engilbert og Martin Ingi fá viðurkenningu læknanema

Martin Ingi Sigurðsson, prófessor í svæfinga- og gjörgæslulækningum, hlaut kennsluverðlaun Félags læknanema fyrir skólaárið 2020-2021. Heiðursverðlaun hlaut Engilbert Sigurðsson, forseti læknadeildar og prófessor í geðlækningum, og Berglind Bergmann, sérnámslæknir í lyflækningum, hlaut deildarlæknaverðlaun. Verðlaunin voru afhent 21. apríl.

Martin Ingi fékk þau fyrir fyrir framúrskarandi metnað og jákvæðni við kennslu læknanema. „Þegar ég tók við starfi prófessors í svæfinga- og gjörgæslulækningum 2019 stefndi ég að þessum verðlaunum innan 10 ára, svo þetta er framar mínum björtustu vonum,“ segir Martin Ingi við *Læknablaðið*. „Verðlaunin hvetja mig og okkur til dáða að halda áfram og reyna að gera námsdvöl læknanema enn betri.“

Deildarlæknaverðlaun hlaut Berglind Bergmann sérnámslæknir í lyflækning-

um, fyrir einstaka kennslugleði og hlýhug í garð læknanema. „Manni hlýnar alveg ótrúlega um hjartaræturnar að fá svona fína viðurkenningu frá þeim en mér finnst fátt skemmtilegra en að kenna áhugasömum læknanema. Þessi viðurkenning er mér sérstaklega þýðingarmikil og ég er virkilega þakklát,“ segir Berglind.

Engilbert hlaut heiðursverðlaunin fyrir einstaka hjálpsemi og velvild í garð læknanema. „Mér þykir sérstaklega vænt um þau verðlaun sem Félag læknanema hefur veitt mér, kennsluverðlaunin 2002 og heiðursverðlaun félagsins í ár. Nánasta samstarfsfólk í læknadeild og á Landspítala á þó þessi heiðursverðlaun ekki síður en ég,“ segir hann við *Læknablaðið*.

Árlega veitir Félag læknanema viðurkenningar til þeirra sem hafa staðið sig sérstaklega vel við kennslu, leiðsögn og móttöku læknanema.